

ákærði Jón Sigurðsson greiði allan í málinu fyrir 12. okt. f. á. áfallinn kostnað, svo og áfallinn og áfallandi kostnað málsins frá 3. septbr. p. á., þar með talin málsvarnarlaun í hjeradi, 6 kr., til Þorbergs hreppstjóra Þórarinssonar, og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslumanns Páls Einarssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinsson, 10 kr. til hvors þeirra.

Hjéraðsdómarinn, sýslumaður Benedikt Sveinsson, greiði allan kostnað, sem leitt hefur af málinu frá 12. okt. 1891 til 3. sept. p. á.

Dómi þessum ber að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 7. nóvembermánaðar.

Nr. 38/1892:

Hið opinbera

gegn

Sigurði Magnússyni og

Jóni J. Breiðfjörð.

D ó m u r :

Með lögreglurjettardómi Kjósar- og Gullbringusýslu, uppkveðnum 3. ágústmán. p. á., voru hinir kærðu, hreppstjóri í Vatnsleysustrandarhreppi Jón J. Breiðfjörð á Brunnastöðum og vinnumaður hans Sigurður Magnússon dæmdir fyrir brot gegn 1. gr. fiskiveiðasamþykktar 8. des. 1890, um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum fyrir Rosmhvalanésshrepp, Njarðvíkurhrepp, Vatnsleysustrandarhrepp, Garðahrepp, Bessastaða-

hrepp, Seltjarnarnesshrepp og Reykjavíkurbæ, hinn fyrnefndi í 90 króna sekt, og hinn síðarnefndi í 20 króna sekt. Afli sá, er fjekkst í net þau, er kærði Sigurður Magnússon lagði 23. marzm. þ. á. og upptekin voru daginn eptir, skyldi upptækur vera, og sektir og andvirði aflans að frádregnum kostnaði renna að hálfu í fátækra sjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til tilsjónarmanns Jóns Ólafssonar í Keflavík, er tók netin upp. Málskostnað skyldu hinir kærðu greiða einn fyrir báða og báðir fyrir einn. Dómi þessum er að ósk hinna kærðu skotið til yfirdómsins.

Hinn 24. marz þ. á. fann tilsjónarmaður Jón Ólafsson frá Keflavík 4 net ómerkt, að hans áliti 2 þorskanet og 2 grásleppunet, fast við land upp undir Hólmsbergi, og voru í netunum 78 fiskar, sem hann flutti í land ásamt netunum. Kom það upp daginn eptir, að kærði Sigurður Magnússon hafði lagt net þessi daginn áður, og nokkrum dögum síðar kom húsbóndi hans, hinn kærði J. J. Breiðfjörð, til tilsjónarmannsins, er geymdi netin, og tók í forboði lögreglustjórans 3 af þeim, bæði grásleppunetin og annað þorskanetið, og fór með þau, svo og kúlurnar af 4. netinu, en skildi eptir netið sjálft. Þetta net, sem eptir var skilið, var skoðað af 4 tilkvöddum mönnum, og var einhuga álit þeirra, að það væri að öllu eins og venjuleg þorskanet gjörast, og þar sem það má álíta viðurkennt af kærðu eða upplýst í málinu, að eitt af hinum netunum, sem eigi urðu skoðuð, hafi verið að öllu eins og þetta net, álízt þar með sannað, að 2 af hinum lögðu netum hafi verið þorskanet. Það verður því eigi tekið til greina, að kærðu hafa haldið því fram, að þessi 2 net hafi verið rauðmaganet, enda gátu og netin eigi álitizt lögð fyrir

Hrognkelsi á þeim stað, er þau lágu, eptir vottorði ofan-
nefndra manna, og eins og raun varð á, þar sem í þau
fengust að eins þorskar, en engin hrognkelsi. Eins og
áður er tekið fram, er hinn kærði Sigurður Magnússon
vinnumaður kærða Jóns J. Breiðfjörðs, og þar sem það
er játað af Jóni, að hann hafi afhent Sigurði framan-
greind net til þess að leggja þau, þá verður að álíta, að
hann beri einn ábyrgð á lagabroti því, er hjer er um
að ræða, og ber því að sýkna Sigurð að öllu leyti.
Hinn kærði J. J. Breiðfjörð sæti sekt samkvæmt 2. gr.
ofanefndrar samþykktar, er með tilliti til stöðu hans
sem hreppstjóra þykir hæfilega metin 60 krónur. Af
hinum upptekna afla eiga 68 fiskar, er fengust í þorska-
netin, að vera upptækir, og andvirði þeirra ásamt sekt-
inni að renna að hálfu í fátækra sjóð Vatnsleysustrand-
arhrepps, en að hálfu til upptökumanns netanna. Svo
ber og kærða J. J. Breiðfjörð að greiða allan af máli
þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með tal-
in málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfir-
dómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Á rannsókn málsins hefur orðið nokkur dráttur,
sem ekki er rjettlættur af undirdómaranum, en þó virð-
ist eigi næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir.
Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vítalaus og
málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Sigurður Magnússon á að vera sýkn
af kæru hins opinbera í máli þessu. Hinn kærði
hreppstjóri Jón J. Breiðfjörð greiði í sekt 60 krón-
ur, og skulu upptækir 68 fiskar af afla þeim, sem
um er getið að framan. Afli og sekt renni að

hálfu í fátækra sjóð Vatnsleysustrandarhrepps, en að hálfu til tilsjónarmanns Jóns Ólafssonar í Keflavík. Svo greiði og kærði Jón J. Breiðfjörð allan af máli þessu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur Hannesar Thorsteinsson og yfirjettarmálaflutningsmanns Páls Einarssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 26/1892

Hreppsnefnd Vindhælishrepps
gegn
forstöðunefnd kvennaskólans
á Ytri-Ey.

D ó m u r :

Hinn 12. janúar þ. á. skrifaði hreppsnefndaroddivitinn í Vindhælishreppi fyrir hönd hreppsnefndarinnar sýslumanninum í Húnavatnssýslu brjef, og fór þess í því á leit, að sýslumaður tæki lögtaki sveitarútsvar til hreppsins, að upphæð 20 krónur, er lagt hafði verið haustið áður á kvennaskólastofnunina á Ytri-Ey, en formaður skólastofnunarinnar neitað að borga. Sýslumaður svaraði þessu á þá leið, að hann ritaði npp á brjef hreppsnefndarinnar 10. febr. þ. á. utanrjettarúrskurð sinn sem sýslumanns um, að hið umbedna leyfi til þess að mega láta taka lögtaki umræddar 20 kr. yrði ekki veitt.

Þessum úrskurði hefur hreppsnefndin, að fenginni gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dags. 7. júlí þ. á., og krafizt